Listasafn Íslands

Rýnifundir með fulltrúum viðurkenndra listasafna og listasafna í ríkiseigu

Liður í vinnu við samræmda safnastefnu á sviði myndlistar

Samantekt
September 2019

Inngangur

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Í september 2019 tóku Sjá viðmótsprófanir ehf. að sér að sjá um framkvæmd á rýnifundum með fulltrúum viðurkenndra listasafna og listasafna í ríkiseigu. Rýnifundirnir eru einn liður í upplýsingaöflun vegna stefnumótunarvinnu fyrir samræmda safnastefnu á svið myndlistar.

Markmið verkefnisins er að kalla fram hugmyndir starfsmanna og sérfræðinga listasafna um stefnumótun safnastefnu á sviði myndlistar.

Samkvæmt lögum skal Listasafn Íslands sem er höfuðsafn á sviði myndlistar leggja fram samræmda stefnu fyrir öll listasöfnin sem til höfuðsafnsins tilheyra. Þetta eru viðurkennd listasöfn og listasöfn í eigu ríkisins.

Haldnir voru 4 rýnifundir og þátttakendur voru 14 talsins.
Eftirtalin söfn sendur fulltrúa sína til þátttöku í rýnihópnum:

Gerðarsafn, Hafnarborg, Hönnunarsafn Íslands, Listasafn ASÍ, Listasafn Árnesinga, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn HÍ, Listasafn Reykjanesbæjar, Listasafn Reykjavíkur, Listasafnið á Akureyri, Nýlistasafnið, (Safnasafnið - sendi gögn en tók ekki þátt í fundum).

Rýnihóparnir voru haldnir hjá Listasafni Íslands og hjá Listasafninu á Akureyri. Hér á eftir fer samantekt á því sem rætt var á fundunum.

Dagskrá

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Fundarmenn fengu senda punkta til umhugsunar fyrir fundina en ekki var gert ráð fyrir því að þeir undirbyggju sig mikið að öðru leyti.

Dagskrá fundanna var skipt í 2 hluta; umræður og greiningu.

Fyrri hluti - Umræður
Þátttakendur voru beðnir að greina frá hvernig þeir telja stöðu listasafnanna í dag, hversu vel þeim tekst að rækja hlutverk sitt ásamt þróun og framtíðarsýn.

Komið var inn á hvað væri hægt að gera betur og hvernig ásamt því hvað væri vel gert.

Seinni hluti - Greining
Gerð var SVÓT greining styrkleika, veikleika, ógnana og tækifæra. Þátttakendur fengu nokkrar mínútur til að skrifa niður atriði út frá sinni reynslu og umhverfi en í kjölfarið lýsti hver og einn þeim atriðum sem þau settu niður fyrir hópnum.

Í lok fundar var skoðað hvaða lausnir mætti lesa út úr greininguni og þeim forgangsraðað. Til að forgangsraða var lausnum raðað eftir 2 ásum, annars vegar hversu auðvelt þykir á innleiða lausnina og hins vegar hversu mikill ávinningur fylgir lausninni.



Safnastefna á sviði myndlistar - væntingar

Markmið safnastefnu ætti að vera að **styðja við starfsemi** listasafnanna og hjálpa þeim að uppfylla hlutverk sitt. Safnastefnan þarf að tala við lögin þar sem hlutverk listasafna er skilgreint.

Safnastefna ætti að vera hjálpartól og stuðningur, t.d. í tengslum við **fjármögnun** verkefna og til að búa til grundvöll fyrir **faglegt** starf.

Safnastefna er stuðningur við **rekstur og starfsemi** listasafnanna. Hún þarf að styrkja við gæði starfsins og vera leiðandi í því hvernig söfnin vilja vera.

Safnastefnan þarf að styðja við **menntunar- og fræðsluhlutverk listasafnanna** en söfn í dag eru líka menntastofnanir því þar fer mikil fræðsla fram. Menntun er eitt af grunnhlutverkum listasafnanna. Litlu söfnin eiga erfitt með að uppfylla þetta hlutverk.

Listasöfnin þurfa að tengjast **samfélaginu** á ólíkum stigum. Besta leiðin er í gegnum skólana og börn, verkefni þar sem samfélagið kemur inn í söfnin og öfugt. Ætti að vera sjálfsagður hluti og safnastefnan þyrfti að styðja við þetta.

Eins þyrfti safnastefna að koma inn á mikilvægi þess að **mennta fólk**, þar liggur mikill styrkur. Stefnan þarf ekki síður að efla **rannsóknarhlutverk** listasafna en of lítil áhersla hefur verið á rannsóknir.

Nauðsynlegt er að skilgreining á því í hverju rannsókn felst sé víðari en mikil þróun hefur verið í tengslum við það undanfarið. Birtingarmynd **rannsókna** er og á að vera mjög breytileg en **nýjar hugmyndir** um þetta eru að skjóta rótum núna.

Í sumum söfnum er sterkur akademískur grunnur en ekki í öðrum en það ætti ekki að skipta máli. Listasöfn eru að **gera rannsóknir alla daga**, en þær hafa ekki verið skráðar skipulega og því hefur reynst erfitt að meta þær með sama hætti og hefðbundnari rannsóknir.



Safnastefna á sviði myndlistar - væntingar

Umhverfið sem listasöfnin starfa inn í er flókið. Eigendur (sveitarfélög og ríki) hafa ákveðnar væntingar. Svo er safnaráð og safnastefna en fjármagn með verkefnum sem henni fylgja er ekki tryggt.

Safnastefnan þyrfti að vera tól sem listasöfnin geta nýtt í **samtali við sína eigendur** og styður við þá starfsemi sem þar fer fram. Þannig nýtast markmið safnastefnunnar og afleidd verkefni tengd henni til að skapa skilning hjá eigendum og ekki síður inn í pólitíska umhverfið. Safnastefna getur einnig aukið skilning á því að starfsemi listasafns er styrkur fyrir ímynd sveitarfélags (á sérstaklega við í smærri byggðum þar sem skilningur og svigrúm er minna).

Safnastefna þyrfti að hvetja söfnin til að finna sín **séreinkenni** og sína **styrkleika** (söfnun, miðlun, markhópa, fræðslu o.s.frv.). Þannig fengju söfnin svigrúm til að byggja undir sína sérstöðu og meiri dýpt.

Að sama skapi þyrfti safnastefna að **hvetja til samstarfs listasafna**. Samstarf á ákveðnum sviðum getur falið í sér gríðarlegan ávinning og hagræðingu (s.s. kynningar- og markaðsmál, forvarsla, geymslumál o.s.frv.).

Listasöfnin eru í **samkeppni um fjármagn**, innan safnanna eru svipuð verkefni í gangi og allir sækja um sama styrkinn.

Fjármagn er sótt í safnasjóð sem vinnur eftir úthlutunarreglum. Þá getur viðurkenning verið kvöð á listasöfnunum, mikið að uppfylla en svo jafnvel ekki styrkur á móti.

Umhverfið í dag felur í sér gamaldags stýringu. Lögin eru að danskri fyrirmynd en þar fá söfnin fjárframlög frá ríkinu.

Safnastefnan gæti snúið þessu til betri vegar með betri tengingu við lög um opið fjármagn og stefnu fjármálaáætlunar. Það eru sérfræðingar inn á söfnunum með menntun og mikla reynslu sem ættu að fá að taka þetta áfram. Hér gefst **tækifæri til að bæta stjórnsýslu** ríkisins í þessum málaflokki.

Safnastefna þarf að vera **fagleg og skýr**, einföld og framkvæmanleg og fela í sér skýra árangursmælikvarða.

Lykilatriði - samskipti safna og listamanna, samskipti og samstarf safna, samskipti við stjórnvöld og eigendur. Safnastefnan þarf að vera tól sem listasöfnin geta nýtt í þessum samskiptum.

Listasöfnin þurfa að vera samtaka, allir stefna í sömu átt. **Samstíga inn í framtíðina**.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Starfsumhverfið og stjórnsýslan

Töluvert var rætt um það umhverfi sem listasöfnin starfa í og stjórnsýsluna í kringum þau. Öll listasöfn fyrir utan Listasafn Íslands sækja fjármagn í sömu sjóði og ekki tryggt að fjármagnið skili sér. Mikil **óvissa** fylgir bið eftir svörum og ferlið ekki nógu gagnsætt. Þannig er ekki tryggt að viðurkennt safn fái fjármagn inn í reksturinn.

Listasöfn hafa sérstöðu en það er þó engu að síður ljóst að það er margt sameiginlegt öllum söfnum (listasöfnum sem og öðrum). Söfn eru **mennta- og menningarstofnanir,** þau eru hornsteinar **lýðræðis og hugsunar**. Þessu þarf að halda á lofti gagnvart stjórnvöldum. Mikilvægt að skilgreina af hverju söfn eru mikilvæg í okkar samfélagi.

Ýmis **stefnumótunarvinna** í gangi sem **tengist innbyrðis** (menningarstefna, safnastefna, menningarminjastefna, stefnur einstakra safna og listasafna) en það skortir farveg fyrir allar stefnurnarnar inn í ráðuneytið og eins þarf að vera skýrara hverju þær eiga að skila. Þetta er nýtt vinnulag sem allir eru að læra á.

Oft er það svo að stefnu fylgja engir **hvatar** eða **árangursmælikvarðar**. Stjórnvöld gjörn á að setja fram markmið í stefnu án þess að nokkrir hvatar fylgi, sbr tengingar við atvinnulífið. Þessu þarf að fylgja greining á því hvernig þetta á að gerast.

Að sama skapi er það oft svo fjármunir fylgja ekki stefnu til að framfylgja henni.

Framundan er langtímaverkefni, það þarf að fara úr því neyðarástandi sem nú ríkir og yfir í **ásættanlegt grunnástand**, t.d. 10 ára verkefni.

Best er að setja fram aðgerðir sem tengja má við **fjármálaáætlun** og fær þá samþykkt í fjárlögum.

Listasöfnin sjálf þurfa að greina frá því hvað þarf að gera - ákallið kemur frá þeim inn í ráðuneytið.

Mikilvægt er að bæta stjórnsýsluna í þessum málaflokki og gera hann skilvirkari. Menningarþáttinn og hlut myndlistar þarf að stækka innan mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Starfsfólk - fáliðun

Ljóst er að listasöfnin búa að miklum mannauð en innan listasafnanna starfar **mjög hæft og gott starfsfólk**.

Ein stærsta áskorunin í starfsumhverfi listasafna er hversu **fáliðuð** þau eru (sérstaklega minni listasöfn), t.d. eru mörg ekki með starfsfólk sem sinnir fræðslu, viðburðum eða markaðsmálum sérstaklega. Oft er það þannig að allir ganga í öll verk (getur verið kostur og galli).

Fáliðun hefur **hamlandi áhrif á þróun og nýtingu tækifæra** sem eru fyrir hendi.

Tilhneigingin er að fá inn **verktaka** í einstök verkefni en þá vantar samfellu og verður meiri vinna þegar upp er staðið.

Í því hraða samfélagi sem við búum í í dag er mikið lagt upp úr hvers kyns viðburðum, ***viðburðamenning***. mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölda viðburða til að laða fólk að og mikil samkeppni um tíma fólks. Mikill tími fer í undirbúning sem er lítt sýnilegur. Eitt klikk á samfélagsmiðli getur tekið fjölda klukkustunda í undirbúningi.

Inn á söfnunum er mikill **metnaður** í gangi um að gera vel og fjöldi viðburða og sýninga er gríðarlegur (jafnvel offramboð). Hér er hætta á að starfsfólk brenni yfir og klári sig.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Sérhæft starfsfólk - samstarf

Það myndi breyta miklu ef **sérhæft starfsfólk** fengist í fleiri verkefni innan safnanna, s.s. fræðslu og kynningu. Ekki er síður mikilvægt að annað starf fái meiri stuðning s.s. forvarsla og rannsóknir.

Samstarf á milli safna gæti verið ákveðin lausn hér þannig gætu söfnin samnýtt krafta sína og meiri fókus fengist á ákveðna þætti starfsins.

Slíkt samstarf gæti verið með **ýmsu sniði**, s.s. sameiginlegt starfsfólk, sértæk verkefni, sameiginlegt kynningar- og markaðsstarf svo eitthvað sé nefnt. Dæmi um svona samstarf er samráðsvettvangur safna í Eyjafirði.

Það er mikill hagur í því að listasöfnin læri hvert af öðru, t.d. með framkvæmd ***pilot* verkefna** sem önnur listasöfn geta ákveðið að taka upp og læra af.

Formlegur samstarfsvettvangur listasafna (t.d. í tengslum við haust/vorfundi) gæti verið mikill stuðningur og nýst öllum vel. Þannig má miðla hvað hefur gengið vel hjá öðrum og listasöfnin lært hvert af öðru.

Annað samstarf

Samstarf milli ólíkra tegunda safna gæti líka **auðgað starfið** og gefið nýja vídd. Slíkt samstarf getur náð til bæði lána á gripum/verkum og eins vinnu. Þetta tengist svo starfsemi ábyrgðarsafna.

Samstarf við grasrótina er líka mikilvægt og hefur getið af sér mörg frábær verkefni. Slíkt samstarf getur verið á ýmsu formi, s.s. lán eða leiga á aðstöðu og tækjum eða stærra í formi hugmyndavinnu, sýninga eða annarra verkefna. Tenging við grasrótina er tenging við grunninn - við ræturnar.

Þessu tengt er svo **alþjóðlegt samstarf** með erlendum listamönnum og erlendum söfnum.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Heimsóknir og aðsókn

Önnur stór áskorun er að fá **fleiri gesti** inn á listasöfnin, bæði innlenda og eins erlenda ferðamenn. Það tengist svo því að oft situr kynningar- og markaðsstarf á hakanum sökum fáliðunar.

Samstarfsverkefni sem fela í sér nálgun við **jaðarhópa**, s.s. innflytjendur skipta hér miklu máli. Með samtali við ólíka hópa taka listasöfnin að sér mikilvægt hlutverk fyrir allt samfélagið.

Í smærri samfélögum þar sem ekki er löng hefð fyrir rekstri listasafna er áskorun að ná til íbúa, höfða til þeirra og um leið halda faglegum standard. En það er lykillinn að áheyrn og stuðningi eigenda að sýna að **listasafnið skipti máli í samfélaginu** og að íbúarnir hafi áhuga á að koma. Hér skapast of ákveðin togstreita.

Það getur verið styrkur í minni plássum að listasafnið sé staðsett inn í **menningarmiðstöð** með annarri starfsemi, s.s. upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, minja- og byggðasafni o.s.fr.v

Aðgangseyrir skilar litlu söfnunum nánast engu en er afar mikilvægur í rekstri stærri listasafna (Listasafn Reykjavíkur). Ókeypis aðgangur myndi fjölga gestum og að fólk detti inn í smá stund. Það gæti svo aftur skilað einhverju skemmtilegu. En það er líka áskorun að breyta þeirri hugsun að borga sig ekki inn á listasöfn (öll afþreying kostar).

Lengdur opnunarími með samræmdu sniði hjá ólíkum listasöfnum gæti aukið aðsókn og lækkað þröskuldinn inn á listasöfn.

Þetta tengist svo öðrum samstarfsflötum listasafnanna s.s. í tengslum við kynningarstarf, fræðslu, söfnunarstefnu ofl.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Menntastofnanir

Eitt mikilvægast hlutverk listasafna er **menntunarhlutverkið**. Listasöfn, eins og önnur söfn, eru menntastofnanir en það hlutverk fær oft lítið vægi í umræðunni.

Það er grunnhlutverk safna að miðla og fræða. **Samstarf listasafna við skólana l**iggur beint við (oftast sömu eigendur). Þessar stofnanir ættu að styðja betur við hvor aðra.

Oft er það svo að lítið vantar upp á í stóra samhenginu til að búa til flott prógram (t.d. tengja ákveðnar sýningar við nám í námskrá - dæmi sýningin Borgarlandslag á Hönnunar-safninu gæti með auðveldum hætti tengst grunnskólanámi). Þetta þarf ekki að fela í sér mikinn kostnað en gæti skipt sköpum.

Fræðsluna má líka flytja **út af listasafninu**. Fræðsla þarf ekki alltaf að fela í sér heimsókn á listasafnið. Með virku samstarfi við skólana má tengja yfirstandandi verkefnavinnu í skólunum við listasöfnin. Hér má nýta tækni eins og fjarfundi, stutt myndbönd (um verk, listamenn o.s.frv.).

Með **samtal við skólana og einstaka kennara** má reyna að búa til áhuga og brú á milli þessara menntastofnana. Finna snertifletina og hvar listasöfnin og þeirra fræðslustarf getur passað inn í námsefnið.

Svona má **sá fræjum** og búa til áhuga hjá börnunum sem hugsanlega smitast inn í þeirra fjölskyldur. Við erum nú þegar að ala upp kynslóð sem þekkir söfnin með öðrum hætti en foreldrar sínir.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Lístasafn Íslands - höfuðsafnið

Höfuðsafn gæti verið **leiðandi um samstarfsvettvang**, haft þar frumkvæði og miðlað þekkingu og hugmyndum. Listasafn Íslands er hjartað, miðjan og þar er góð yfirsýn.

Þekkingartengiliðir hjá Listasafni Íslands gætu verið mikil stoð við listasöfnin.

Listasafn Íslands gæti jafnframt tekið að sér að **kynna myndlistarárið** (sbr leikhúsin), sameiginleg kynning á starfsári listasafnanna og fjölmiðlafundur - kynningarpakki allra listasafna á landinu (eða landshluta). Þannig má kannski líka frekar ná áheyrn fjölmiðlana.

Umfjöllun um myndlist í fjölmiðlum er ekki mikil en Listasafn Íslands gæti verið leiðandi í því að breyta því og **skapa umfjöllun** t.d. með því að búa til vettvanginn sem listasöfnin öll gætu nýtt sér. Nýta miðla sem eru til, s.s. Youtube eða sambærilegt. Listasöfnin gætu búið til eigið efni og sett þar inn - viðtöl, umfjallanir, sýna verk o.s.frv.

Með aukinni umfjöllun um myndlist eykst skilningurinn og við **lækkum þröskuldinn** inn á listasöfnin.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Íslensk myndlist

Á Íslandi er frábær myndlist og miklar væntingar gerðar til íslensks myndlistarfólks. Það þykir ótrúlegt að svo lítil þjóð geti af sér svona mikil gæði. Listasöfn þurfa að leggja sitt af mörkunum til að **styðja myndlist og myndlistarfólk** - bæði innanlands og fyrir utan landsteinana.

Það þarf að vinna markvisst að því að **gera íslenska myndlist sýnilegri** bæði hér á Íslandi og eins utan landsteinana.
Umfjöllun í fjölmiðlum skiptir miklu máli hér en hún þykir hafa farið minnkandi undanfarið ár. Erfitt er að ná til fjölmiðlanna og áhugi lítill.

Eins og gefur að skilja eykur öll umfjöllun bæði **skilning og áhuga á myndlist**.

Óvissa í tengslum við **höfundarréttarmál** hefur haft áhrif á það hvernig listasöfnin haga kynningarmálum. Þannig má færa rök fyrir því að þetta hafi áhrif á sýnileika íslenskrar myndlistar í fjölmiðlum, samfélagsmiðlum og efni sem listasöfnin senda frá sér.

Aðrar áskoranir

Það er áskorun að kaupa góð **listaverk** og fá listamenn til að gera verk. Það hefur aðallega snúið að fjármagni. Það er ákveðið gat sem ekki hefur náðst að bæta frá hrunárum sem er ekki nógu gott.

Tengt þessu er svo **útgáfa** bæði bóka og sýningarskráa. Með útgáfu lifa sýningar/verk áfram.

Geymslumál listasafna eru í miklum ólestri en mikið vantar upp á til að laga það. Sameiginleg geymsla væri mikil akkur fyrir listasöfnin sem flest glíma við plássleysi og ófullnægjandi aðstöðu.

Eins er **skráningum** ábótavant. Ljósmyndir eru ekki til af verkum.

Efla þarf **rannsóknir** á myndlist sem hafa ekki verið nógu sýnilegar. Opna á samtalið um mismunandi leiðir, hefðbundnar rannsóknir og líka rannsóknir sem fara fram í daglegu starfi listasafnanna - sýningarnar, útgáfa og annað starf eru rannsóknir.

Föst **rannsóknarstaða** við Listasafn Íslands eins og er hjá Þjóðminjasafninu gæti breytt miklu.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Breytt hlutverk listasafna

Nýjar skilgreiningar á söfnum fela í sér að þau séu **hreyfiafl** með æðri tilgang en bara hefðbundin hlutverk kveður á um, þau eiga að vera hvetjandi og hafa áhrif. Hér skipta **samskipti** við samfélagið gríðarlegu máli. Listasöfn eru hornsteinar lýðræðis og hugsunar og mikilvægt að halda því á lofti.

Hlutverk listasafna er breytt, listasöfn eru ekki lengur sýningarsalir sem fólk kemur og skoðar. Söfn, listasöfn eins og önnur söfn, eru staður til að upplifa, njóta og vera á; hanga og hafa það huggulegt með vinum, fjölskyldu, börnum o.s.frv. Þetta er í takt við breytta lífssýn og lífsgildi fólks - í dag vill fólk **njóta og upplifa**. Listasöfn eiga að vera samfélagsstofur eða félagsmiðstöðvar, fjölbreyttir staðir til að heimsækja og vera á. Söfnin þurfa að taka vel á móti fólki og sinna þessu hlutverki sínu (t.d. staður fyrir börn þar sem aðgengi er að efni til að skapa og njóta - skapandi leiksvæði).

Í tengslum við þetta þarf að bjóða aðra þjónustu eins og **kaffihús**, staður til að hitta vini á og spjalla. Eins er **safnbúð** mikilvæg en hún getur skilað góðum tekjum og eins dregið fólk inn á listasafnið.

Það reynist mörgum hærri þröskuldur að heimsækja listasafn en önnur söfn. List er heimspekileg, flókin og mörgum illskiljanleg. Þetta kallar á að starfsfólk geti **leiðbeint og spjallað um listina** við gesti. Hlutverk þeirra er ekki lengur yfirseta og að passa listina heldur að miðla henni - brúa bilið milli almennings og lista. Það þarf því að vera rétt mönnun á söfnun, hér er áherslubreyting.

Nauðsynlegt er að auka **sjálfstraust** almennings gagnvart myndlist og listasöfnin gegna þar lykilhlutverki. Kenna fólki að list þarf ekki að vera lærð - er upplifun. Hvernig verða sýningar á söfnum hluti af daglegu lífi fólks?

Umfjöllun um myndlist í sjónvarpi (eða öðrum efnisveitum) getur styrkt þetta. Hefur mikið fræðslugildi og **gerir listina aðgengilegri**.

Hlutverk listasafna, þróun og framtíðarsýn

Listasöfn eru vettvangur **virks samtals** og **samfélagsrýni**. Þannig þurfa listasöfn að taka upp áherslur samfélagsins hverju sinni og vera virkur þátttakandi. Listasöfnin styðja við **lýðræðið**.

Myndlist og hönnun geta vakið athygli á og komið með lausnir hvað varðar **sjálfbærni** og **umhverfismál** og annað sem tengist heimsmarkmiðnunum. Listasöfn geta verið leiðandi hér og búið til vettvang til að taka þetta samtal, frjótt og hugsandi umhverfi.

Nýsköpun er líka mikilvæg í starfi listasafna. Listaverkið er nýsköpun í sjálfu sér og listasöfn geta haft frumkvæði um það.

Þjónusta listasafna er ekki bara að safna list - þau veita þjónustu, **vettvangur samstarfs, samtals og nálgun á umhverfi okkar og samfélag**. Nauðsynlegt er að veita þessum þáttum meiri athygli, gera dýpri greiningar á þessum þáttum. Í það þarf fjármagn en það þarf að forgangsraða og vinna það dýpra. Út úr þessu má sjá fyrir sér að verði til prógrömm/pakkar sem hægt er að vinna með fyrirtækjum atvinnulífinu og jafnvel selja.

Söfn á Íslandi eru ung í samanburði við alþjóðasamfélagið, miklu yngri menning hér.

Ofuráhersla hefur verið á að varðveita allt en þarfirnar hafa breyst. Listasöfn þurfa að **tengjast betur samfélaginu og lýðræðinu**. Þau þurfa að vera opin og fá rými til að prófa eitthvað nýtt. Heimurinn er allur að breytast - allt að verða hversdagslegra, frjálslegra, hraðara og söfnin þurfa að aðlaga sig. Þetta má þó ekki gerast á kostnað þess sem þegar hefur verið byggt upp. Þetta getur verið fín lína.

Listasöfnin þurfa þor til að gera eitthvað nýtt og vera ekki þrælar hefðarinnar.

Samfélagsmiðlar hafa veitt listasöfnunum **nýja rödd**, þau eru þá ekki lengur predikarinn á stallinum og verða hversdagslegri. En þau geta samt haldið áfram með hefðbundna nálgun - gert eitthvað nýtt án þess að skemma það sem áður hefur verið byggt upp.

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Þróun safneignar

Skortur á skýrri söfnunarstefnu hjá mörgum listasöfnum (tengist því umhverfi sem þau starfa í, eigendum o.s.frv.).

Eins og áður hefur komið fram má segja að ákveðin göt séu í safneign listasafnanna sem sköpuðust af ytri aðstæðum og eins því í einhverjum tilvikum að söfnunarstefna hefur ekki verið nógu skýr.

Þessu tengt er einnig **grisjunarstefna** sem er ekki síður mikilvæg.

Gera má ráð fyrir því að þegar fram í sækir og stór kynslóð listamanna fellur frá að mikið verði um það að **listasöfnunum bjóðast gjafir**. Hér þarf skýra stefnu, hvernig á að taka á þessu? Hvað á að varðveita og hver á að safna hverju?

Þessu tengt eru samskipti listasafnanna við listamennina sjálfa og eins erfingja þeirra. Þessir aðilar eru **málsvarar listaverkanna**.

Dæmi um verkefni

Dæmi um verkefni safna

Lifandi skráning. Starfsfólk í skráningu er inn í sýningarrými og spjallar við gesti og gangandi. Þetta skapar aðra stemningu, verður meira lifandi og skemmtilegt, bæði fyrir gesti og starfsfólk.

Annað dæmi er að **gefa lykla** af listasafninu. Fræðimönnum, nemum og rannsóknaraðilum er veittur aðgangur að listasafninu. Þetta skapar líf í safninu og það verður skemmtileg miðstöð.

Residensía inn á listasafni er líka dæmi um þetta - listamaður eða hönnuður vinnur inn á safninu og tengist gestunum. Þetta bætir miklu við upplifun gestanna. Frábært væri að geta boðið upp á launaða residensíu. Hönnunarsafnið býður nú upp á þetta ólaunað, hönnuður fær óskiptan ágóða af sölu.

Námskeið inn á söfnum geta búið til nýja markhópa, það má gera í samstarfi við félagasamtök eða aðra aðila. Listasafn Reykjavíkur hefur verið með ýmis slík námskeið - s.s. útsaum, 4x4 bílaklúbb ofl.

Verk vikunnar á Instagram - gott til kynningar. Textinn er oftast til og auðvelt að setja út. Listasöfnin hafa farið varlega hér vegna höfundarréttarlaga og óvissu í tengslum við þau.

Í **samstarf við skóla** og/eða einstaka kennara má nýta ýmsa miðla í stað þess að bjóða upp á heimsókn í listasafnið. **Nýta má tækni eða miðla** eins og Skype eða annan fjarfundabúnað, Youtube/Vimeo o.s.frv. Fræðsla þarf ekki alltaf að fela í sér heimsókn á safnið (oft tímafrekt og kostnaðarsamt). Hér þurfa listasöfnin að nálgast skólana út frá þeirra þörfum, tengja fræðsluna beint við námskrá og nálgast skólana út frá því hvernig listasöfnin geta stutt við kennslu í skólunum.

Sköpun bernskunnar - sýning á Listasafni Reykjanesbæjar. Þar koma saman verk eftir börn úr skólum bæjarins og listamenn. Þetta hefur verið gríðarlega vinsæl sýning sem hefur dregið að flesta bæjarbúa.

Einnig hafa sýningar þar sem **fólki á svæðinu er boðið að taka þátt** verið gríðarlega vinsælar (Reykjanesbær, Akureyri).

Dæmi um verkefni

Listasafnið á Akureyri hefur alla tíð átt **náið samstarf við grasrótina** og þar er mikið lagt upp úr því. Það er mikill ávinningur fyrir alla aðila og er hluti af því hvernig listasafnið skilgreinir sig. Listasafnið fyrir alla og er hluti af samfélaginu.

Listapakkinn - frístund barna

Til skoðunar á Akureyri að búa til samfelldan skóladag fyrir skólabörn. Útbúinn verður heildarpakki fyrir börn og fjölskyldur. Öll vinna barna klárast á þessum tíma, íþróttir, listir og tómstundastarf fer þá inn í skóladaginn. Þetta er stefna Akureyrarbæjar.

Listasafnið á Akureyri mun hugsanlega koma að því að **búa til listapakka fyrir skólabörn**. Þetta er félagslega mjög flott hugmynd og getur haft mikil áhrif á samfélagið allt. Breytir hegðunarmynstrum fjölskyldna.

Svona verkefni geta listasöfn komið að að búa til í sínu nærumhverfi - vera með pakka og prógrömm sem á keyra í ákveðinn tíma til reynslu - t.d. 5 ár. gæti orðið mjög áhrifamikið.

Greining - SVÓT

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Eftir góðar umræður um stöðu, hlutverk og framtíð listasafnanna voru þátttakendur beðnir um að fara í SVÓT greiningu - að hugsa um og skrifa niður styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir listasafnanna.

Fundarmennt kynntu í framhaldinu sínar hugleiðingar fyrir hópnum.

Hér á eftir er samantekt á því sem nefnt var en búið er að flokka og raða saman atriðum sem líkjast eða tengjast með einhverjum hætti.

Í framhaldinu leituðust hóparnir við að skilgreina lausnir, aðgerðir eða leiðir til út frá þeim



Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Styrkleikar

Eftirfarandi atriði voru nefnd sem *styrkleikar*:

Stór og merkileg safneign
Stærð safns
Einstakur safnkostur
Fjársjóður til að vinna með og miðla
Menningarlegt mikilvægi
Opin safneign, í húsnæði bæjarins
Mikill fjöldi sýninga

Staðsetning safns
Arkitektúr safns
Safnabúð
Hægt að hafa fleiri en eina sýningu samtímis
Nýtt og gott húsnæði

Skapandi umhverfi
Skapar samtal
Vettvangur frjórrar umræðu
Geta ávarpað erfið málefni
Prédika ekki
Nýsköpun
Nær til allra aldurshópa
Fjölbreytni

Hæft og gott starfsfólk
Þekking
Fagmennska
Sveigjanleiki - allir gera allt
Metnaður
Ástríða (safnalosti :-)

Skapa fróðleik og þekkingu
Fást við menntun
Vettvangur þróunar
Vettvangur hugmynda
Hreyfa við tilfinningum
Söfn eru falleg
Söfn eru spari
Áhugi á starfi mikill
Áhugi ferðamanna mikill
Fjölnota staður
Mikil nánd við áhorfenda hópinn

Samfélagsþjónusta
Eru oftast í eigu samfélags
Stuðningur og velvild bæjarbúa
Gott bakland innan bæjarins

Samstarf listasafna og menningarhúsa
Samstarf við grasrót listamanna
Alhliða vinna með skólum
Nálægð við skóla og áhugi kennara og nemenda

Hönnun mikilvæg varðandi umhverfismál
Áhugi á hönnun

Greining - SVÓT - Styrkleikar

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Veikleikar

Eftirfarandi atriði voru nefnd sem *veikleikar*:

Fjármagn of lítið miðað við kröfur
Fjármagn til framkvæmda skortir
Ekki fjármagn til að kaupa listaverk
Strangt regluverk
Of fáir og lágir styrkir
Of mikil óvissa í fjármálum
Skilningsleysi eigenda
Ómarkviss pólitík eigenda
Flókin eigendastaða
Lítill metnaður eigenda
Vantar betri/víðtækari stuðning frá hinu opinbera

Staðsetning húsnæðis
Arkitektúr hússins
Engin fastasýning
Óskýr söfnunarstefna
Í niðurníðslu
Mörg og lítil söfn
Ómarkviss safnkostur
Sitja uppi með úrelt verðmæti
Vannýtt tækifæri í markaðsmálum
Skortur á stöðugildum í fræðslu
Skortur á sérþjálfuðu starfsfólki
Skortur á geymslurými fyrir safneign
Safnafræðsla ekki nógu metnaðarfull og fagleg, - vantar starfsfólk til að sinna henni

Vantar forverði
Vantar fólk til að geta unnið nauðsynlega djúpvinnu
Metnaður starfsfólks of mikill
Undirmönnun

Lítið notuð
Gamaldags
Merkileg með sig
Föst í hefðum
Of stíf
Hræðsla við gagnrýni
Feimni
Ritskoðun
Pressa til að setja upp "vinsælar" sýningar

Þetta reddast viðhorf
Söfn eru berskjölduð og viðkvæm
Erfitt að standast miklar væntingar miðað við hvað söfn erlendis bjóða
Rými safnsins hentar ekki kröfum gesta
Vantar kaffihús
Einangrun
Erfitt að fara af stallinum

Rannsóknir of takmarkaðar

Listasögukennsla ekki skylda í skólum

Samkeppnisaðstaða ekki nægilega tryggð

Greining - SVÓT - Veikleikar

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Ógnanir

Eftirfarandi atriði voru nefnd sem *ógnanir*:

Of lítið fjármagn
Standa halloka gagnvart stofnunum með meira fjármagn, frjálsum markaði og einkafyrirtækjum

Tímans tönn - verðmæti liggja undir skemmdum

Of mikil álag á starfsmenn
Enginn sem getur gripið boltann í veikindum
Laun safnafólks ekki nógu góð
Of litlar rekstrareiningar

Plássleysi
Hugmyndin um safn er breytt
Samkeppni um tíma fólks er mikil
Fólki finnst listasöfn ekki fyrir sig
- þröskuldur við að heimsækja safnið of hár
Of mikill hraði í samfélaginu
Viðburðavæðing - ekki nóg að vera til staðar

Óvissa í fjármálum
Skilningsleysi og áhugaleysi
Pólitískar breytingar
Óvilhöll forgangsröðun embættis - og stjórnmálamanna
Niðurskurður
Einkavæðing þegar talað er um aðkomu atvinnulífs (en ekkert annað gerist)
Of miklar kröfur um tekjur af aðgangseyri
Hagræðingarkröfur

Skyndibitasamfélagið, eitt klikk og 5 sek af tíma almennings taka 17 klst í undirbúningi

Offramboð á samfélagsmiðlum þar sem allir reyna að hrópa hæst

Ferðamenn hætta að koma
Náttúruhamfarir
Minni flugsamgöngur
Einangrun
Fámenni

Meðalmennska og hræðsla við að ögra

Vanþekking á listum
Skortur á listnámi í grunn- og framhaldsskólum
Ekki skyldunám
Minna vægi listgreina í samfélagi og skólum

Höfundarréttarmál flókin

Greining - SVÓT - Ógnanir

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir

Tækifæri

Eftirfarandi atriði voru nefnd sem *tækifæri*:

Lítið viðbótarfjármagn þarf til að bæta nýtingu

Lífstíll fólks er að breytast og menn nýta frítíma á uppbyggilegan hátt
Skapa andrúmsloft þar sem fólki líður vel og finnst það velkomið, gera söfnin meira aðlaðandi
Samfélagsvitund, hlutlaus staður til þekkingaröflunar
Óháð rödd sem getur ávarpað það sem er í gangi í samfélaginu
Skapandi fjölskyldusvæði
Tjill/hangsmenningin - að bjóða fólk velkomið til að hangsa
Söfn eru samfélagsbót sem geta stækkað markhópinn
Stækka markhópinn / auka aðsókn
Höfða markvisst til ákveðinna hópa
Efla markaðssetningu
Vera með öfluga safnabúð
Breyta opnunartímum
Menningarhús
Fjölbreytt starfsemi; upplifun, fræðsla, skemmtun

Meiri notkun samfélagsmiðla til að ná til fólks
Nýmiðlun - möguleikar til að ná til fólks án þess að það komi á staðinn
Endurnýjun og tilraunastarfsemi
Tengja við nýsköpun
Fara út fyrir safnið
Sameina ólík öfl
Vera alltaf að endurskoða sig
Þessi vinna :-)

Auka menntun
Söfnin geri sig enn meira gildandi í menntakerfinu enda góður vettvangur
Bjóða upp á námskeið
Tengja við frístundakort
Vera leiðandi í menningaruppeldi
Að ná til hvers og eins
Leiðandi í hugmyndum okkar um velferð og menntun

Tækifæri til að skoða söguna frá mörgum sjónarhornum
Tækifæri til að spegla samtímann

Opna safneign fyrir almenningi
Auka aðgengi að verkum í Sarpi
Meira samstarf við önnur söfn
Leiðsögn á fleiri tungumálum
Samstarf við nærliggjandi söfn og ná þannig til fleira fólks s.s. ferðamanna
Samstarf við velferðarþjónustu, bjóða upp á jóga, hugleiðslu og fræðslu í senn, vinna með leikhúsi, tónlist og markþjálfun
Gefa fleirum "lykla" eða aðgang að söfnum
Samfélagsverkefni/ samningar
Rekstur gestavinnustofu/ fræðimannaíbúðar
Verkefnavinna með og fyrir samstarfsaðila og notendur
Viðburðavinna með grasrót og listamenn
Alþjóðlegt samstarf

Breyta lögum/verklagi varðandi grisjun og ritstjórn safnkosts
Efla símenntun fyrir starfsfólk
Sameiginleg geymsla

Greining - SVÓT - Tækifæri

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Lausnir og forgangsröðun

Út frá SVÓT greiningunni voru þátttakendur beðnir að greina lausnir sem draga mætti fram úr atriðum sem þar komu fram. Eftirfarandi lausnir komu fram:

Listasafn Íslands miðlandi miðja

- LÍ er með yfirsýn - miðlar straumum og stefnum
- þekkingartengiliðir verði skipaðir þar til að veita stuðning við listasöfnin án mikils tilkostnaðar
- gera sameiginlega þekkingargátt *innri vef listasafna*

Formlegur samstarfsvettvangur

- hvati til samstarfs / samstarfssjóður
- kynning, fræðsla, rannsóknir, söfnun, geymsla, forvarnir, samstarf getur verið á öllum sviðum
- gera söfnin sterkari, styrkja og efla starfsfólkið
- miðla því sem hefur gengið vel, sögur úr starfi safna, þannig læra allir almenningur og safnafólk
- miðla upplýsingum um símenntun starfsfólks
- þróa samstarf safna og þróun sameiginlegrar nálgunar safna

Auka samstarf við aðila í samfélaginu

- gestavinnustofa
- fræðimannasetur
- samstarf við grasrót listamanna
- stofnanir/samtök í nærsamfélaginu

Auka ásýnd og umfjöllun um list

- hvað er framundan - blaðamannafundur
- búa sjálf til efnið, nýta miðla
- stofna miðla
- nýta sameiginlegar dreifileiðir
- höfuðsafnið stofni vettvanginn/rammann en söfnin sjálf efnið
- nota þær aðferðir sem ná til fólks, til dæmis áhrifavalda á samfélagsmiðlum
- koma fræðslu á stafrænt form, youtube, google
- nota stafræna markaðssetningu

Lausnir og forgangsröðun

Inngangur
Dagskrá
Umræður
Greining
Myndir



Menntun - skerpa á hlutverki listasafna

- vinna að því að listnám verði skyldufag í skólum, innleiða menntun í listgreinum í námskrár
- stuðla að heimsóknum skólahópa og auðvelda ferðir þeirra í söfnin (fjármagn í ferðir til dæmis)
- söfn og skólar vinni betur saman, safnafræðsla tengist við námskrár
- vettvangur nýrrar nálgunar í kennslu, ekki bara *á bókina*
- nýta tækni og miðla - fjarfræðsla

Nýsköpun

- fylgjast með fyrirmyndaverkefnum
- læra af tilraunaverkefnum

Samfélag

- breyta söfnum þannig að fólk vilji koma oftar
- gera söfnin nútímalegri, skapa fjölskyldusvæði
- breyta opnunartíma
- höfða til allra samfélagshópa
- bæta nýmiðlun frá söfnum, vinna á öllum samfélagsmiðlum
- opna safnbúðir og kaffihús
- vinna út fyrir söfnin
- stækka markhópinn
- höfða til fólks
- fjalla um samfélagið

Rannsóknir

- kynna nýjar skilgreiningar á rannsóknum
- efla rannsóknarstarf
- föst rannsóknarstaða hjá LÍ

Greining - Lausnir og forgangsröðun

Lausnum forgangsraðað - Ávinningur og Innleiðing





Myndir frá rýnifundum

Inngangur

Dagskrá

Umræður

Greining

Myndir

Myndir frá rýnifundum



ÁSLAUG FRIÐRIKSDÓTTIR, MSc, BA

Áslaug er með MSc gráðu í vinnusálfræði frá The University of Hertfortshire, Englandi. Hún er einnig með BA gráðu í sálfræði frá HÍ. Áslaug er ein af stofnendum SJÁ.

Áslaug hefur mikla reynslu af verkefnastjórnun, ráðgjafarstörfum og hefur unnið með fjölda fyrirtækja að vefþróun og stefnumótun. Áslaug var borgarfulltrúi í Reykjavík um árabil. Hún starfaði áður sem verkefnastjóri hjá Íslensku vefstofunni og fyrir þá tíð í félagsmálaráðuneytinu og sá þar um upplýsingaöflun og úrvinnslu tölulegra gagna, ásamt því að vinna að málefnum fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga.

JÓHANNA SÍMONARDÓTTIR, MSc, BA

Jóhanna er með MSc gráðu í mannfræði frá LSE (London School of Economics) í London. Hún er einnig með BA gráðu í mannfræði og spænsku frá HÍ. Jóhanna er ein af stofnendum SJÁ.

Jóhanna hefur mikla reynslu í vefgeiranum og hefur starfað sem ráðgjafi og verkefnastjóri um árabil og komið að stafrænni stefnumótun fjölda fyrirtækja og stofnana. Hún hefur gert fjölda rannsókna sem tengjast upplifun notenda á viðmóti og notendavæni vefja og kerfa. Hún starfaði áður sem verkefnastjóri hjá Íslensku vefstofunni.